



Félag háskólakennara

11. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024

haldinn miðvikudaginn 6. mars 2024, kl. 11:45,

Aðalbygging, herbergi 230

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Ármann Höskuldsson, Jóna Margrét Ólafsdóttir (á Teams), og Ármann Höskuldsson.

Forföll boðuðu: Íris Hrönn Guðjónsdóttir og Haukur Logi Karlsson.

Íris Davíðsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. febrúar 2024.
2. Þóknanareglur Félags háskólakennara, árið 2024.
3. Aðalfundur Félags háskólakennara 2024.
4. Kjaramál, staða mála, fundur með SNR og kröfugerð.
5. Málþing Fh, FPR og FHA.
6. Áhættuþóknun vegna efna- og líffræðilegra skaðvalda
7. Álit Andra Vals, vegna yfirvinnu, frestað frá fyrra fundi.
8. Launatölur, frestað frá fyrra fundi.
9. Norrænn fundur 10. – 12. júní 2024, sjá tp. 5. febrúar 2024.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. Febrúar 2024

Fundargerðin var samþykkt.

2. Þóknanareglur Félags háskólakennara árið 2024

Uppfærsla á þóknunum m.v. grunnvísitölu var samþykkt.

3. Aðalfundur Félags Háskólakennara 2024

Ákveðið var að halda aðalfundinn þann 16. maí kl 15:30 að því gefnu að hentugur salur finnist. Framkvæmdastjóri fer í að auglýsa eftir framboðum, bóka sal og annað sem þarf að gera sem undirbúning fyrir fundinn.

4. Kjaramál, staða mála, fundur með SNR og kröfugerð

Baldvin fór yfir stöðu mála varðandi kjaramál, stöðuna innan BHM og hvað væri framundan.

Allir formenn innan BHM eru að fara hitta samninganefnd ríkisins síðar í dag ásamt fulltrúum frá Reykjavíkurborg og sveitafélögunum. Svo verður úrvinnslufundur á morgun til að ræða framhaldið. Samvinnan við hin háskólafélögin gengur mjög vel og verið er að skoða hvort skilað verði inn sameiginlegri kröfugerð frá félögunum þremur. Baldvin lagði til að hann, Íris og Jens yrðu í vinnuhóp vegna þessa. Rætt var um kjaramálin á breiðum grunni.

5. Málþing Fh, FPR og FHA

Mikil ánægja er með málþingið sem haldið var í síðustu viku og málstaðurinn vakið mikla athygli. Ákveðið hefur verið að halda annað málþing, mögulega í maí um matskerfið.

6. Áhættuþóknun vegna efna-og líffræðilegra skaðvalda

Minnisblað frá Jens verður tekið fyrir á næsta samráðsnefndarfundi en ekki er búið að setja dagsetningu fyrir þann fund.

7. Álit Andra Vals, vegna yfirvinnu

Álit Andra liggur fyrir vegna yfirvinnu en FPR er með annað lögfræðialit sem er ekki alveg á sömu nótum. Þetta gæti verið eitt af því sem gæti komið fram í sameiginlegri kröfugerð félaganna ef af verður.

8. Launatölur

Framkvæmdastjóri hefur tekið saman upplýsingar um launatölur félagsmanna. Ákveðið var að hún færi yfir það á næsta fundi stjórnar.

9. Norrænn fundur

Formaður minnti á norræna fundinn í Bergen 10-12. Júní og bað stjórnarmeðlimi að fara huga að því hvort þau hyggest sækja fundinn. Íris, Baldvin og Ármann sögðust ætla að fara.

Fleira ekki gert og fundi lauk kl. 13:00

Næsti fundur gæti verið haldin fljótlega eftir því sem mál þróast á vettvangi kjaraviðræðna.